

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 20

Dags. 3.5.2011

## 20. fundur í Skipulags og Umhverfisnefnd 03.05.2011, kl. 17:00

Fundurinn var haldinn í Kjarna Laugum. Mættir allir aðalmenn. Hreinn Hjartarson og Gaukur Hjartarson komu einnig á fundinn.

### 1. Umsókn Þeistareykja ehf. um framkvæmdaleyfi í sex liðum vegna fyrirhugaðra framkvæmda Þeistareykjum.

Hreinn fylgdi umsóknum úr hlaði.

#### a. Þeistareykjavegur nyrðri

Um er að ræða 1. áfanga vegarins eða 11,2 km. langan kafla sem er allur nýbygging. Nyrðri mörk eru við Höfuðreiðarmúla, um 200 m. norðan við Reykjaheiðarveg og syðri útboðsmörkin eru nálægt fyrirhuguðu stöðvarhúsi um 1,5 km. norðan við Þeistareyki. Stærsti hluti þessarar vegagerðar er í Þingeyjarsveit, norðurhlutinn er í Norðurþingi. Allt efni verður tekið úr námu RHN-10 austan Jónsnípu.

Skipulagsnefnd telur að framkvæmdin sé í samræmi við aðalskipulag Þingeyjarsveitar sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn en er í lokaferli.

Nefndin leggur til að sveitarstjórn veiti framkvæmdaleyfið að fenginni staðfestingu aðalskipulags.

Náma RHN-10 í umsókninni er sama náma og E-37 í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar.

#### b. Námuvinnsla við Jónsnípu RHN-10

Náma RHN-10 er austan undir Jónsnípu, Náman er samtals um 107.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli, Til vegagerðar 2011 er gert ráð fyrir efnistöku á um 61.000 m<sup>2</sup> Svæði allt að 188.000 m<sup>3</sup>. Í námunni er bæði laust efni og föst hraunklöpp í mishæðóttu ógrónu landi. Víða er örþunn gróðurslikja á yfirborði. Í norðurhlutanum er setbunki ofan á hraunklökkinni (helluhrauni) og land tiltölulega jafnt. Til suðurs fer land lækandi og er hluti námunnar neðst í austurhlíðum Jónsnípu. Á því svæði er hraun sem er sandorpið með grjótdreif á víð og dreif sem eykst er nær dregur hlíðum Jónsnípu. Hraunsteinar og smá hraunklökk stand sums staðar uppúr sandorþnu landinu.

Skipulagsnefnd telur að malarvinnslan sé í samræmi við aðalskipulag Þingeyjarsveitar sem samþykkt hefur verið af sveitarstjórn en er í lokaferli.

Nefndin leggur til að sveitarstjórn veiti framkvæmdaleyfið að fenginni staðfestingu aðalskipulags.

Náma RHN-10 í umsókninni er sama náma og E-37 í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar.

#### c. Borun ÞG-07 í Þeistareykjabruna (borplan N)

Bora á 2-3000 m djúpa rannsóknarholu a borplani N í Þeistareykjabruna um 2 km vestan við Þeistareykjaskála. Tilgangurinn með borun holunnar er að kanna nánar jarðhitasvæðið vestan við Tjarnarás.

Laga þarf vegstæði gegnum Þeistareykjabrunann á um 1200 m kafla (núverandi girðingavegur) með stórrí gröfu áður en ofaníbúður er keyrður í veg. Keyrt verður um 2 m<sup>3</sup>/m í veginn eða samtals um 2400 m<sup>3</sup>. Útbúa þarf um 4000 m<sup>2</sup> borplan undir borinn með um 0,8 m meðalþykkt efnis, efnisþörf er því samtals um 3200 m<sup>3</sup> í borplanið. Efnisþörf í veg og borplan er samtals um 5600 rúmmetrarog verður efnið tekið úr námu vestan Kvíhólafjalla (ÞRN-2). Gera þarf vegslóða frá Þeistareykjavegi rétt norðan Þeistareykjaskála og suður yfir Tjarnarás og verður þessi vegslóði lagður í varanlegt vegstæði (það má geyma slóðagerð sé þess óskað) vegar yfir Tjarnarás.

Borvatnsveitan verður síðan lögð með vegstæðinu, þannig að ekki þurfi að draga borvatnslagnir yfir óröskuð svæði.

Nefndin leggur til að afgreiðslu málsins verði frestað þar til skipulagsvinna verður lengra á veg komin.

#### d. Frágangur á námu í vesturhlíðum Bæjarfjalls

Fyrsti áfangi í frágangi á námu í Bæjarfjalli felst í því að ýta niður efni þannig að hlíðarnar fyrir ofan námuna skríði smátt og smátt niður í námuna. Frágangur námu verður unnin í samráði við Umhverfisstofnun. Einnig verður harpað 6-7 þúsund m<sup>3</sup> af efni í þessari námu til síðari nota.

Nefndin leggur til að sveitarstjórn veiti framkvæmdaleyfi til lokunar á námu E-39 í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar að fenginni staðfestingu aðalskipulags.

**e. Vinnubúðarplan**

Fyrsti áfangi af plani undir vinnubúðir verður keyrður út í sumar og er þessi afgangi ætlaður um 3600 m<sup>2</sup> að stærð og fara um 2880 rúmmetrar af efni í þennan áfanga. Einnig þarf að koma fyrir 6500 l. rotþró í útjaðri plansins, ásamt til heyrandi siturlögnum og tengingum. Siturlögnum sem samtals eru um 150 m skal komið fyrir á um 250m<sup>2</sup> jöfnuðu svæði og skal frágangur vera í samræmi við Leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir, UST 2004".

Nefndin leggur til að afgreiðslu málsins verði frestað þar til skipulagsvinna verður lengra á veg komin.

**f. Borvatnsveita og fráveita frá borplani C**

Grafa á um 2 km borvatnsstofn niður með vegi, frá borvatnsholum í norðri og þaðan í átt að Þeistareykjaskála. Einnig þarf að ljúka greftri á um einum km. af frárennislögnum frá borplani C næsttjörn.

Nefndin leggur til að afgreiðslu málsins verði frestað þar til skipulagsvinna verður lengra á veg komin.

## **2 Verkefnislýsing deiliskipulags Þeistareykjavirkjunar**

Farið yfir drög að verkefnislýsingu vegna deiliskipulags Þeistareykjavirkjunar og leggur nefndin til við sveitarstjórn að hún verði samþykkt og kynnt með þeim breytingum sem ákveðnar voru á fundinum.

## **3 Erindi frá Friðgeiri Sigtryggssyni**

Vegna sölu á 11 ha lands skv. meðfylgjandi uppdrætti óska ég eftir samþykki sveitarstjórnar fyrir útskiptingu lóðar úr jörð, stofnun lóðar og að taka úr landbúnaðarnotum land samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti.

Þau áform sem uppi eru um nýtingu landsins er beitarland fyrir hross, en mögulega bygging íbúðarhúss og hesthúss síðar.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki stofnun lóðarinnar og skiptingu hennar út úr jörðinni. Nefndin sér hins vegar ekki ástæðu til að taka lóðina úr landbúnaðarnotum.

## **4 Stofnun lóðar út úr landi Hjalla**

Lögð fram ósk frá Aðalsteini Má Þorsteinssyni og Corneliu S. Þorsteinsson um samþykki sveitarstjórnar fyrir því að stofna nýja 630 fm. lóð undir hús á Hjalla sem er í eigu Lífsmótunar. Jafnframt er óskað eftir heimild til að nefna hús og lóð Vaðshóla.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykkja stofnun lóðarinnar.

Einnig leggur nefndin til að nafnið Vaðshólar verði samþykkt.

Fleira ekki bókað fundi slitið kl. 21:15

Ásvaldur Ævar Þormóðsson  
Þórunn Jónsdóttir  
Hörður Þór Benónýsson  
Guðrún Sigríður Tryggvadóttir  
Sigurður Hlynur Snæbjörnsson